

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021  
2104134/0.4.1

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 713. mál.**

Embætti landlæknis fagnar frumvarpi um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur sem miðar að því að bæta nikótínvörum á borð við tóbakslaus nikótínþúða inn í lög.

Tóbakslausir nikótínþúðar er ný vara á markaði sem hefur náð töluverðri útbreiðslu á skömmum tíma. Könnun framkvæmd af Gallup fyrir embætti landlæknis á notkun tóbakslausra nikótínþúða var gerð í september 2020. Heildarnotkun 18 ára og eldri mældist um 10%, eða 7% daglega og 3% sjaldnar en daglega. Það samsvarar því að um 24 þúsund fullorðnir noti nikótínþúða daglega eða sjaldnar en daglega ef tekið er mið af þjóðinni allri.

Mikill munur er þó á notkun nikótínþúða eftir aldri og í aldurshópnum 18 til 24 ára er dagleg eða sjaldnar en dagleg notkun á nikótínþúðum 28% hjá báðum kynjum. Þessar niðurstöður ríma ágætlega við nýlegar niðurstöður úr framhaldsskólakönnun Rannsóknna og greiningar þ.e. að um þriðjungur nemenda noti nikótínþúða.

Nikótín er ávanabindandi efni og því óæskilegt að ungt fólk byrji að nota þessar vörur og verði háð nikótíni. Því er mikilvægt að frumvarpið verði að lögum á þessu löggjafarþingi

Virðingarfyllst,

---

Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis

